



FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjarmalastodugleikarad.is

Reykjavík, 13. apríl 2018

Tilmæli um eiginfjárouka vegna kerfisáhættu

Tilgangur eiginfjárouka vegna kerfisáhættu er að koma í veg fyrir eða takmarka áhrif af langtíma, ósveiflutengdri kerfisáhættu sem fjármálakerfið getur staðið frammi fyrir og getur haft alvarlegar, neikvæðar afleiðingar á fjármálakerfið og raunhagkerfið.

Eiginfjárouki vegna kerfisáhættu tók gildi 1. apríl 2016 samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. mars sama ár. Ákvörðunin var tekin að fengnum tilmælum fjármálastöðugleikaráðs frá 22. janúar 2016. Ef eiginfjárouki vegna kerfisáhættu er settur á skal fjármálastöðugleikaráð endurskoða tilmæli sín innan tveggja ára frá því að þau komu til framkvæmda, sbr. 1. mgr. 86. gr. b. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Ráðið byggir einkum á tillögum og greiningu kerfisáhættunefndar við mat á gildi kerfisáhættuauka, sbr. lög um fjármálastöðugleikaráð nr. 66/2014.

Mat á kerfisáhættu

Óverulegar breytingar hafa orðið á ósveiflutengdri kerfisáhættu á Íslandi undanfarin tvö ár enda er eðli áhættunnar tregbreytanlegt. Breytileiki í fjármagnshreyfingum, gengi, hagvexti og einkaneytlu hér á landi er mikill í samanburði við önnur lönd. Útlánaáhætta íslenskra fjármálafyrirtækja er mörkuð af einsleitri samsetningu hagkerfisins þar sem fáar atvinnugreinar eru ráðandi. Þessir þættir hafa áhrif á gjaldþrotatíðni og vanskil. Eiginfjárkröfur íslenskra fjármálafyrirtækja byggja á staðalaðferð Basel nefndarinnar sem skilgreinir lágmarkseiginfjárkröfur fyrir alþjóðlega banka með tilliti til væntra vanskila og fylgni vanskila við landsframleiðslu á alþjóðavísu. Þar sem staðbundin áhætta er hærri, eins og á Íslandi, er ástæða til að gera eiginfjárkröfur umfram almennar kröfur regluverksins til að ná fram sömu áhættumildun vegna útlánaáhættu.

Með vísan til framangreinds og hliðsjón af rökstuðningi fyrir tilmælum um eiginfjárouka vegna kerfisáhættu frá 22. janúar 2016 er því beint til Fjármálaeftirlitsins að halda eiginfjárouka vegna kerfisáhættu óbreyttum til þess að viðhalda viðnámsþrótti þeirra innlánsstofnana sem hér starfa vegna áhættu sem felst í einkennum íslensks efnahagslífs. Þar sem allar innlendar áhættuskuldbindingar eru berskjaldaðar fyrir þeirri kerfisáhættu sem lýst er í þessum tilmælum og tilmælunum frá 22. janúar 2016, og eiginfjároukanum er ætlað að taka mið af, er mælt með því að eiginfjároukinn verði áfram lagður á allar innlendar áhættuskuldbindingar innlánsstofnana. Fjármálastöðugleikaráð bendir Fjármálaeftirlitinu á að gæta að samspili eiginfjárouka vegna kerfisáhættu við auknar eiginfjárkröfur sem stofnunin kann að mæla fyrir um samkvæmt a-lið 4. mgr. 86. gr. g laga um fjármálafyrirtæki.

Niðurstaða

Fjármálastöðugleikaráð beinir tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að halda eiginfjárouka vegna kerfisáhættu óbreyttum í 3% af innlendum áhættuskuldbindingum innlánsstofnana, sbr. tilmæli ráðsins frá 22. janúar 2016. Gildi eiginfjárouka vegna kerfisáhættu fyrir innlánsstofnanir, sem ekki teljast kerfislega mikilvægar,¹ sem nú er 2%, skal þó fara stighækkandi og verða 3% frá 1. janúar 2020. Eiginfjároukinn skal jafnframt taka til þessara innlánsstofnana á samstæðugrunni.

¹ Kvika banki hf., Sparisjóður Austurlands hf., Sparisjóður Höfðhverfinga ses., Sparisjóður Strandamanna ses. og Sparisjóður Suður-Þingeyinga ses.